

Á myndinni er séra Jón Thorarensen rithöfundur að gera að gamni sínu við einn gamlan Suðurnesjamann og ættfræðing, Guðmund A. Finnbogason í Innri-Njarðvík. Í flestum bóka sinna sækir séra Jón efniviðinn til Suðurnesjamanna. Sjálfur er séra Jón alinn upp á Suðurnesjum, en segist þó samt ekki þora að telja sig ekta Suðurnesjamann. — Og hér bætti hann við vísu. Er hún frá þeim tíma er séra Jón var prestur austur í Hruna og gestir í heimsókn hjá honum og Ingibjörgu konu hans. Þegar maddaman hafði gefið þeim steik kom þessi vísa fram hjá þeim. Meðal gestanna var Pálmi Hannesson er þá var rektor Menntaskólans í Reykjavík. — Vísan er svona:

Marga gesti hefur hresst,
Hrunaprestur slyngur.
Á því sést það allra bezt,
er hann Vestfirðingur.

„Svalheimamenn"

Ný bók eftir séra Jón fyrrum Nessóknarprest

Stutt samtal við höfundinn

UM DAGINN hitti ég á förnum vegi hér í Miðbænum séra Jón Thorarensen, fyrrum Nessóknarprest hér í Reykjavík. Við spjölluðum dálitla stund saman. Sagði hann mér að nú hefði hann betri tíma til að sinna hugðarefnum sínum. M.a. sagði hann mér að nú væri ný bók og prentun hennar að ljúka. Þessi bók er Svalheimamenn.

Við löbbuðum saman nokkra stund. Sagði Jón nokkuð nánar frá þessari bók sinni. Ég spurði hann um heiti hennar, Svalheimamenn? Eru það pólfarar, sem þú ert að segja frá? Nei, nei, þetta er ættarsaga og sögusvið í sunnlenzkum verstöðvum og austur í Árnessýslu. Sögupersónurnar eru allmargar, svo sem kollegi minn úr prestastétt, stórbændur og útvegsbændur. Þá eru systur sem skipa allmikið rúm í sögunni, og kallaðar Sandgarðssystur, dönsk ungfrú, Danielsen, úr Stakksvík. Ættarsaga — með átökum um glæsimenni. Í söguþræðinum er að finna þjóðháttalýsingar með t.d. lýsingu á skipum hinna fornu útgerðar í sunnlenzkum verstöðvum o.fl.

Hverjir eru nú helztu heimildamenn þínir, séra Jón?

Þar koma hreint ekki fáir við sögu. Fyrst verð ég að nefna Odd Oddsson, sjómann, fræðimann, gullsmið og miklu seinna símstöðvarstjóra á Eyrarbakka. Það fer ekki milli mála, sagði séra Jón, að Oddur, sem lézt árið 1938, ber ægishjálm yfir alla, sem ég hefi kynnzt, að fróðleik og minni. Hann var ótæmandi. Þegar ég var prestur austur í Hruna var Oddur þar í nokkra daga hjá okkur hjónunum. Skrifaði ég þá upp eftir Oddi allt það, sem ég gat. Mér virtist hann ákaflega fróður þessi merki fræðimaður.

Aðrir heimildamenn þessarar ættarsögu minnar eru amma mín, Herdís Andrésdóttir, skáldkona, d. 1938, Helgi Ágústsson, tengdasonur Odds, og Einar Jónsson, óðalsbóndi í Reykjadal í Hraunasókn. Loks er mér óhætt að hafa með í þessari upptalningu vinnufólkið á æskuheimili mínu, suður í Kotvogi í Höfunum. Ég var nánast sagt í verklegu námi hjá þessu fólki, þar sem það gekk að daglegum störfum sínum.

Ég tel að þessi nýja saga mín eigi því það sammerkt með Útnesjamönnunum mínum frá árinu 1949, að vera sprottin upp úr jarðveginum kringum vinnandi fólk til sjávar og sveita, sem hafði ótrúlega verkmenningu og verksnilld til að bera. Og sem ofaná þetta hafði á harðbergi ótal orðatiltæki og hið hreina mál atvinnulífsins.

Þessi nýja bók séra Jóns Thorarensens, er rúmlega 400 bls. Kápumyndina og skreytingar við upphaf kaflanna gerði dóttir séra Jóns, Elín, en hún lærði við listaháskóla suður í Madrid á Spáni. Svalheimamenn séra Jóns Thorarensens verður fimmta bók hans. Rithöfundarferill hans nær nú orðið alllangt aftur í tímann.

Fyrst kvaddi hann sér hljóðs árið 1929, en þá fóru að birtast eftir hann þjóðsögur, sagnaþættir og annálar. Hér var um að ræða Rauðskinnu, sem hann kallaði svo, en Rauðskinna kom út í 12 heftum, hið síðasta þeirra kom út árið 1961. Árið 1945 skrifaði séra Jón endurminningar Erlends á Breiðabólstað á Álftanesi Björnssonar. Sögusvið er Álftanes, mannlífið þar kringum aldamótin síðustu. Næst kom út skáldverkið Útnesjamenn. Það telur séra Jón vera fyrstu tilraun sína til að skrifa skáldverk. Sögusvið Útnesjamanna eru Suðurnesin, aðallega Hafnahreppur og Miðnes — við getum líka notað annað heiti yfir hinn landfræðilega ramma Útnesjamanna og sagt Kirkjuvogs- og Hvalsnessókn. Eitt áhrifamesta atriði sögunnar er þegar stórflóð eyðilagði Básendakaupstað árið 1799. Útnesjamenn hafa nú komið út í þriðju útgáfu sagði séra Jón, reyndar fyrir fjórum árum. Annað skáldverk séra Jóns kom út árið 1960. Það er skáldsagan Marina. Söguhetjuna í bókinni, Marinu, lætur Jón eiga heima á Gulltjörn í Hafnahreppi Önnur útgáfa af þessari bók séra Jóns kom út fyrir 8 árum.

Verk á undan Svalheimamönnum var líka heildarútgáfa á Rauðskinnu-heftunum tólf, í þremur bindum, en bætt við þjóðháttaþáttum. Þeir eru m.a. Odds Oddssonar, fræðimanns á Eyrarbakka.

Bækur Jóns Thorarensens, sem hér hafa verið upptaldar, komu út á vegum ýmissa bókaforlaga. Svalheimamenn gefur höfundur sjálfur út. Er bókin prentuð og unnin hjá Prentsmiðjunni Odda hf.


Sv.Þ.

Gunnar Örn Gunnarsson sýnir á Kjarvalsstöðum

GUNNAR Örn Gunnarsson heldur málverkasýningu á Kjarvalsstöðum dagana 29. október til 6. nóvember nk. Á sýningunni eru 68 verk, sem listamaðurinn hefur að mestu unnið tvö síðustu ár. Gunnar, sem er algerlega sjálfmenntaður listamaður, heldur þarna sína 9. einkasýningu, en áður hefur hann haldið sex sýningar hér heima og tvær í Kaupmannahöfn.

Mannslíkaminn er viðfangsefni listamannsins í flestum verkanna. Gunnar Örn hefur málað meira og minna síðast liðin 13 ár, en hann hefur nú aðstöðu uppi á Korpúlfsstöðum til að vinna að verkum sínum. Sagði listamaðurinn í viðtali við Morgunblaðið, að það hefði gjörbreytt allri aðstöðu sinni til að mála þegar hann fékk inni á Korpúlfsstöðum. T.d. gefur það tækifæri til að vinna mun stærri verk en áður. Einnig er þar mun meira næði en inni í borginni.

Sýning Gunnars Arnar er opin daglega frá 16.00—20.00 nema um helgar klukkan 14.00—22.00.



Ferming

FERMING í Garðakirkju á morgun, sunnudag, kl. 10 árdegis. Prestur séra Sigurður H. Guðmundsson. Fermd verða:

Benedikt Ingþórsson,
Hjallabraut 11, Hafnarf.
Ingibjörg Oddný Karlsdóttir,
Laufási 1, Garðabæ.
Sigurbjörg Hlíf Karlsdóttir,
Laufási 1, Garðabæ.
Ívar Örn Arnarson,
Miðvangi 157, Hafnarfirði.
Oddur Ingólfsson,
Lindarflöt 10, Garðabæ.
Víglundur Magnússon,
Smáraflöt 39, Garðabæ.

Seðlasafn afhent Orðabók Háskólans til rannsóknar

TVÖ af börnum sr. Jóhannesar L. L. Jóhannssonar, Guðný og Ingvi, hafa í samráði við Vilhjálm Hjálmarsson menntamálaráðherra ákveðið, að seðlasafn úr orðabókarverki sr. Jóhannesar skuli afhent Orðabók Háskólans til nákvæmrar rannsóknar, en safnið var á sínum tíma falið Landsbókasafni til geymslu án nánari ákvörðunar að því er virðist um framtíðarráðstöfun þess.

Þegar sr. Jóhannes lét af prestskap 1918, tók hann að vinna að samningu vísindalegrar orðabókar íslenzkrar tungu sem samstarfsmaður dr. Björns Bjarnasonar frá Viðfirði (er lést síðla árs 1918), en til þess verks hafði verið stofnað á Alþingi 1917. Árið 1920 var birt á prenti álit og tillögur um vísindalega íslenzka orðabók ásamt sýnishorni. Höfðu þeir feðgar, sr. Jóhannes og Jakob Smári magister, samið álitið og tillögurnar árinu áður, en að sýnishorninu, er tekið var saman sumarið 1920, stóð ásamt þeim Þórbergur Þórðarson.

Áætlunin um þetta orðabókarverk var mjög víðtæk, skyldi ná til fornmáls, miðaldamáls og nýmáls — og áhersla lögð á, að safnað skyldi sem mestu úr talmáli víðs vegar að af landinu.

Sr. Jóhannes naut styrks úr ríkissjóði um árabil til verksins, en ýmsir lögðu honum jafnframt lið, og má lesa um það í Fréttum af orðabókarmálinu eftir sr. Jóhannes, er hann birti í Verði, er jafnframt komu út sérprentaðar 1928.

Við fráfall sr. Jóhannesar 6. mars 1929 féll þetta orðabókarverk niður, en þráðurinn síðan tekinn upp að nýju með Orðabók Háskólans.

(Frétt frá menntamálaráðuneytinu)

